

Rafmagnsveitir ríkisins

UMHVERFISRANNSÓKNIR VIÐ LAGARFLJÓT.

III

Grasafræðirannsóknir á  
láglandissvæðum við Lagarfljót.

Skýrsla samin af  
Náttúrufrædistofnun Íslands:  
Eyþór Einarsson  
Kristbjörn Egilsson

Reykjavík 1977

## UMHVERFISRANNSÓKNIR VIÐ LAGARFLJÓT.

III

### Grasafræðirannsóknir á láglandissvæðum við Lagarfljót.

1. þekja og tegundasamsetning gróðurs  
og hugsanleg áhrif vatnsbordshækkunar  
á hana.
2. Uppskerumælingar.

Skýrsla samin af  
Náttúrufrædistofnun Íslands:  
Eyþór Einarsson  
Kristbjörn Egilsson

Reykjavík 1977

Rafmagnsveitur ríkisins

## UMHVERFISRANNSÓKNIR VIÐ LAGARFLJÓT

III

### Grasafræðirannsóknir á lágglendissvæðum við Lagarfljót

1. þekja og tegunda samsetning gróðurs og hugsanleg áhrif vatnsbordshækunar á hana.

Skýrsla samin af  
NATTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS  
Eyþór Einarsson  
Kristbjörn Egilsson

Reykjavík, 1977

## EFNISYFIRLIT

Bls.

KORTASKRÁ	I
TÖFLUSKRÁ	II
TEGUNDALISTASKRÁ	II

1. <u>INNGANGUR</u>	1
2. <u>EFNI OG AÐFERÐIR</u>	2
2.1. Gagnasöfnun	2
2.2. Úrvinnsla	4
3. <u>LÝSING LANDS</u>	4
3.1. Landshættir	4
3.2. Svæðalýsing	7
Dagverðargerði	7
Rangá I	9
Rangá II og Skógargerði	11
Finnsstaðanes	14
Egilsstaðanes	16
Vallanes	18
Gilsáreyri	21
Klausturnes	22
Mesar	24
4. <u>NIÐURSTÖÐUR ÚR LOKATÖFLUM</u>	25
4.1. Dagverðargerði-Rangá-Skógargerði (Lokatafla I)	26
4.2. Finnsstaðanes-Egilsstaðanes (Lokatafla II)	29
4.3. Vallanes (Lokatafla III)	33
4.4. Gilsáreyri (Lokatafla IV)	35
4.5. Mesar-Klausturnes (Lokatafla V)	36
5. <u>LOKAORD</u>	37

KORTASKRÁ

	Bls.
Kort 1. Yfirlitskort af Lagarfljótssvæði .	6
Kort 2. Dagverðagerði - Rangá I .....	59
Kort 3. Rangá II - Skógargerði .....	61
Kort 4. Egilsstaðanes - Finnsstaðanes ....	63
Kort 5. Vallanes .....	65
Kort 6. Gilsáreyri - Melar .....	67
Kort 7. Klausturnes .....	69

TÖFLUSKRÁ

		Bls.
Lokatafla	I Dagverðargerði-Rangá-Skógargerði	44
Lokatafla	II Egilsstaðanes-Finnsstaðanes .....	48
Lokatafla	III Vallanes .....	52
Lokatafla	IV Gilsáreyri .....	55
Lokatafla	V Klausturnes-Melar .....	56

Töfluviðauki

Tafla	1. Dagverðargerði	árið 1975	71
"	2. Rangá I	" "	74
"	3. Rangá II - Skóg.	" "	78
"	4. Egilsstaðanes	" "	80
"	5. Finnsstaðanes	" "	82
"	6. Vallanes	" "	85
"	7. Klausturnes	" "	88
"	8. Melar	" "	90
"	9. Dagverðargerði	árið 1976	92
"	10. Rangá I	" "	94
"	11. Rangá II - Skóg.	" "	96
"	12. Egilsstaðanes	" "	98
"	13. Finnsstaðanes	" "	100
"	14. Vallanes	" "	102
"	15. Gilsáreyri	" "	104
"	16. Klausturnes	" "	105
"	17. Melar	" "	106

TEGUNDALISTASKRÁ

1.	Heildarlisti plöntutegunda við Lagarfljót 1975-1976	107
2.	Listi yfir háplöntur .....	114
3.	Listi yfit Mosa .....	119
4.	Listi yfir Fléttur .....	123
5.	Listi yfir Sveppi .....	124

## 1. INNGANGUR

Vorið 1975 tók Náttúrufræðistofnun Íslands að sér, samkvæmt beiðni Rafmagnsveitna ríkisins í bréfi dagsettu 13. janúar 1975, að hafa umsjón með rannsóknum á lífriki og núverandi aðstæðum í Lagarfljóti og grennd. Í ályktun sinni frá 21. maí 1974 hafði Náttúruverndarráð sett það skilyrði fyrir samþykki við vatnsmiðlun í tilraunaskyni í allt að 20.5 m hæð yfir sjávarmáli í tengslum við 2. áfanga Lagarfossvirkjunar, að slikar rannsóknir yrðu gerðar, þannig að unnt yrði að meta áhrif af miðlun síðar.

Rannsóknir þessar voru allumfangsmiklar og samdi Náttúrufræðistofnun því við ýmsar stofnanir og fyrirtæki um að þau tækju að sér ákveðna þætti þeirra, en hluta rannsóknanna annaðist stofnunin að öllu leyti sjálf og hafði Eyþór Einarsson umsjón með þeim og var jafnframta verkefnistjóri rannsóknanna í heild.

Þær rannsóknir sem skyrt er frá í þessari skýrslu beindust að flóru og gróðurfarei stærstu láglendissvæðanna við Lagarfljót sem fara myndu undir vatn eða blotna, bæði vegna þessarar fyrirhuguðu tilraunamiðlunar og hugsanlegra frekari miðlana vegna Lagarfossvirkjunar.

Svæðin sem hér um ræðir eru láglend nes meðfram Lagarfljóti með hæðarmörkum 20-23 yfir sjávarmáli. Þau eru flöt og votlend og að mestu mynduð við framburð þveráa Lagarfljóts. Þar sem miklar sveiflur eru á vatnshæð Fljótsins eru þessi svæði mjög misblaut á hinum ýmsu tímum árs; þau lægstu eru blautust því vatn sækir mjög á þau í leysingum og getur staðið á þeim vikum saman og boríð með sér töluverðan leir. Þau svæði sem hærra liggja blotna minna og fara ekki undir vatn í venjulegum sumarleysingum.

Gróður þessara svæða er því nokkuð mismunandi og tegundasamsetning allbreytileg, þó svo til alls staðar sé um votlendisgróður að ræða, allt frá hálfdeigum mýrum til

flæðimýra, og þar af leiðandi var spretta einnig mismunandi eftir stöðum.

Við þessar rannsóknir voru allar plöntur aðrar en þörungar greindar til tegunda og þekja þeirra mæld; allar niðurstöður voru settar upp í töflur og reynt að túlka niðurstöður og bera saman.


## 2. EFNI OG AÐFERÐIR

2.1. Gagnasöfnun fór fram frá 15. júní-30. ágúst 1975 og 1976 á láglendissvæðum við Lagarfljót. Eftirtalin svæði voru tekin til athugunar.

1. Dagverðargerði með 8 reiti, greindir 1975 og 1976.						
2. Rangá I.	"	8	"	"	"	"
3. Rangá II og Skógarg 7	"		"	"	"	"
4. Egilsstaðanes	"	9	"	"	"	"
5. Finnsstaðanes	"	12	"	"	"	"
6. Vallanes	"	10	"	"	"	"
7. Gilsáreyri	"	3	"	greindir		1976
8. Klausturnes	"	6	"	"	1975 og	1976
9. <u>Melar</u>	"	5	"	"	"	"
Samtals 68 reitir						

Hver reitur er 10 x 10 metrar. Hverjum stórum reit var skipt í 100 1m<sup>2</sup> reiti, sem númeraðir voru frá 1 og upp í 100. Síðan voru 10 litlir reitir valdir úr með tilviljanatöflum og þekjumælingar gerðar á þeim reitum sem upp komu. Alls 680 1m<sup>2</sup> reitir.

Þekja: (cover), er sá hluti jarðar (rannsóknarreits), sem þakin er ofanjarðarhlutum (t.d. blöðum) viðkomandi plöntutegundar. Þekjan var metin eftir Hult - Sernander skala, og er hann sýndur hér á eftir ásamt teikningu af 1 m<sup>2</sup> stórum reit sem skift er niður í samræmi við skalann.



5	þekur	50	-	100	%	þ.e.	1/2	-	1/1
4	"	25	-	50	%	"	1/4	-	1/2
3	"	12,5	-	25	%	"	1/8	-	1/4
2	"	6,2	-	12,5%		"	1/16	-	1/8
1	"	6,2%				"			1/16

+ tegundin finnst í reitnum.

Gallinn á þessum skala er aðallega sá að hann er ónákvæmur efst þ.e. 5 þekur 50-100%. Hins vegar er hann að öðru leiti þægilegur í meðförum.

Tíðni: (frequency), segir til um í hve mörgum smáreitum af ákveðnum fjölda ákveðin tegund finnst. Hér er miðað við hverja  $10 \text{ m}^2$  reiti í hverjum stórum reit. Tíðnin reiknuð í % er sett í eftirfarandi flokka:

1. 0 - 20 % tíðni.
2. 21 - 40 % tíðni.
3. 41 - 60 % tíðni.
4. 61 - 80 % tíðni.
5. 81 - 100 % tíðni.

Stærð reita, fyrirferð einstaklinga og útbreiðslumynstur þeirra hefur áhrif á tíðnina. Of litlir reitir geta orðið til þess að tegundir sem eru á svæðinu fái ekki rétta tíðni. Hér er reynt að komast hjá skekkju með því að nota  $100 \text{ m}^2$  reiti og taka með tilviljanatöflum  $10 \text{ m}^2$  reiti úr þeim.

Þekja hverrar háplöntutegundar var metin fyrir sig, enda auðvelt að greina flestar á vettvangi. Vafategundum var þó

safnað og þær greindar síðar. Þekja mosa, fléttu og sveppa var metin í heild, fyrir hvern hóp, en ekki sérhverja tegund, þar sem ógerlegt er að greina þessa hópa til tegunda nema undir smásjá. Því var sýnum af mosum, fléttum og sveppum safnað sumarið 1975 og þau greind að vetrinum.

Við sýnatöku og önnur störf við Lagarfljót unnu sumarið 1975: Ingibjörg Eyþórsdóttir, Kristbjörn Egilsson, Oddur Eiríksson og Ragnheiður Erla Bjarnadóttir. Sumarið 1976 kom Sigurður Magnússon í stað Ragnheiðar annars var um sama starfslið að ræða.

## 2.2. ÚRVINNSLA

Mánuðina sept. - des. 1975 voru mosar greindir af Kristbirni Egilssyni með hjálp og ráðleggingum frá Bergþóri Jóhannssyni. Þá var og farið gegnum safn af háplöntum sem safnað var að sumrinu. Voru vafategundir þar greindar og greiningar staðfestar af Eyþóri Einarssyni.

Frá feb. - maí loka 1976, voru gerðir tegundalistar ásamt tíðni og þekjutöflum frá hverju svæði.

Frá okt. - des. 1976 var unnið úr gögnum frá sumrinu á svipaðan hátt og áður.

Frá marz - júní 1977 hefur verið unnið að gerð lokatafla frá hverju svæði, þar sem reitunum er raðað í töflur eftir rakastigi og á þann hátt reynt að sjá mun innan svæðanna.

Við gerð lokatafla eru bornar saman niðurstöður tíðni og þekjumælinga beggja áranna og tekin meðaltöl þar sem mælingum milli ára ber ekki saman.

Fléttur voru greindar af Herði Kristinssyni og sveppir af Helga Hallgrímssyni frá Náttúrugripasafninu á Akureyri.

## 3. LÝSING LANDS

### 3.1. Landshættir

Lagarfljót ásamt Jökulsá á Fljótsdal er annað mesta vatnsfall á Austurlandi, um 140 km á lengd. Upptök Jökulsár er í Eyjabakkajökli, skriðjökli er gengur norður

úr Vatnajökli. Jökuſá er aðalvatnsgjafi Lagarfljóts og veldur leirlitnum sem á fljótinu er. Hún fellur niður Fljótsdalinn, um Norðurdal sem gengur inn af hinum eiginlega Fljótsdal, en um Suðurdal fellur Kelduá. Þessar ár renna saman í botni Fljótsdalsins og falla svo eftir miklum sandeyrum út í Löginn, en svo kallast efri hluti Lagarfljóts sem nær út í Egilsstaði um 35 km að lengd. Þarna líkist fljótið mjög stöðuvatni með miklu dýpi. Á löngum kafla er meðaldýpi meira en 90 m en dýpsti punktur er móts við Hafursá 111,5 m. Þá er breidd Lagarins um 2,5 km þar sem hann er breiðastur.

Út við Egilsstaði, rétt við Lagarfljótsbrúna grynnkar Lögurinn skyndilega farvegurinn þrengist og straumurinn eykst og hefst þá í rauninni hið eiginlega Lagarfljót sem hefur útfall til sjávar í Héraðsflóa. Einn foss er í fljótinu Lagarfoss með um 11 m fallhæð, er hann í 25 km fjarlægð frá Egilsstöðum.

Yfirborð Lagarins inni við Buðlungavelli var um 20,80 m 24. júlí 1975. Vatnsborð við Lagarfoss (inntaksmannvirki) var vatnshæðin 20,20 m sama dag. Þarna munar ekki nema 0,60 m á 55 km langri leið, og sýnir dæmið hversu lítið fall er á vatninu, og minnir því mikið á stöðuvatn.

Hin lága lega Fljótsdalsins yfir sjávarmáli miðað við hversu langt inn í landið hann nær gefur svæðinu nokkra sérstöðu sem á sér enga hliðstæðu hér á landi. Þá er á svæðinu eins meginlandskennt loftslag og hægt er að finna á láglendi hérlendis.

A Héraði er frekar snjóþungt á vetrum, en sumur sólrik og heit, enda gróðursáld með afbrigðum góð. Vaxa þar skógar mestir á Íslandi. Landið liggur yfirleitt mjög bratt að fljótinu og er lítið um láglendi við það miðað við alla strandlengjuna. Nokkur láglend nes liggja þó út í fljótið. Eru þau að mestu til orðin vegna framburðar áa sem í það falla. Þessi svæði eru vegna lágrar legu sinnar (20-23 m.y.s.) mjög viðkvæm fyrir vatnsborðsbreytingum. Eru þetta þau svæði sem gróður-rannsóknirnar fóru fram á og skýrsla þessi fjallar um. Hér á eftir fer lýsing á svæðunum og rannsóknarreitunum, sem á þeim standa. Hafa ber í huga að miklar fjarlægðir eru á milli þessara staða (sjá kort 1, bls. 6). Þar sem lengst er á milli þ.e. frá Skriðuklaustri og út í Dagverðargerði er um 50 km loftlína.

KORT 1  
Yfirlitskort



LA GARFOSS

DAGVERDARGERDI

RANGÁ

SKÓGARGERDI

Rangá

FINNSSTADIR

EGILSSTADIR

Eyvindará

VALLANES

Grimsá

MELAR

KLAUSTURNES

Gilsá

Jökulsá

Kelduá

LAGARFLJÓT

↑  
N

### 3.2. Svæðalýsing.

Hér fer á eftir stutt lýsing einstakra svæða og gróðri þeirra. Dagsetningar við nöfn rannsóknarreita merkja þá daga sem þekja þeirra var mæld, tegundir þeirra greindar og sýni tekin til frekari rannsókna.

#### DAGVERÐARGERÐI

Sá hluti af landi Dagverðargerðis, sem tekinn var til athugunar, er kallaður Dagverðargerðisnes, og liggur mjög lágt. Allir reitirnir á svæðinu fóru á kaf í sumarflóðunum 1975. Vatnið náði t.d. upp að jaðrinum á heimatúninu.

Fljótsbakkinn er hár moldarbakki, harðbali. Fyrir innan hann tekur við votlend lægð, svo hækkar landið aftur og er þar þurrara. Þá tekur votlendi enn við og nær það upp að brekkufæti.

Svæðið er allt afgirt. Nokkuð var af grágæs (Anser anser) og álft (Cygnus cygnus). Þær héldur sig mest við fljótsbakkann, var þar og mest bitið eftir þær. 23. júní taldi Oddur Eiríks-son 40 fullorðnar grágæsir, þar af margar með unga. Þá voru þarna einnig 6 álftir. Auk þess voru þarna 10-15 hross allt sumarið, einnig nokkuð af vetrungum og sauðfé. Þann 11. júlí sást eitt hreindýr á svæðinu, en það var farið daginn eftir.

Alls voru 8 stórir reitir settir niður. Voru þeir valdir áður en flóð hófust, nema reitir X og Y, sem standa eilítið hærra og voru ekki á kafi nema nokkra daga. Reitir P og Q voru lengst á kafi og þótti ekki fært að greina þá fyrr en í ágúst.

Sumarið 1976. Vegna lítilla snjóá í fjöllum og hægrar bráðnunar, urðu vorflóðin mun minni en árið áður. Varð þetta til þess að mun minni leirburður var á svæðinu. Fjöldi búpenings sem beitt var á svæðið var svipaður og í fyrra. Þann 7. maí var reiturinn, Dagverðargerði Q girtur og notaður til uppskerumælinga.

A svæðinu fundust alls 57 tegundir háplantna, 48 tegundir mosa, 2 tegundir fléttna og 1 tegund sveppa.

Dagverðargerði A.

14. júlí 1975.

Hnúskóttur harðbali. Var á kafi í sumarflóðum. Ber þess glögg merki, bæði leirborinn og illa sprottinn.

30. júní 1976.

Reiturinn ekkert leirborinn, sæmileg spretta, en 17.8 begar komið var til að líta á grös var reiturinn mjög bitinn.

Dagverðargerði B.

11. júlí 1975.

Smáþýfð myri. Fór á kaf í sumarflóðum. Reiturinn stendur hins vegar það innarlega á evrinni að lítill leirburður hefur orðið. Begar tegundir voru greindar í reitnum, stóð vatn enn í lautum. Þá var reiturinn nokkuð bitinn af búfé.

30. júní 1976.

Sæmilega sprottinn, en 17.8. begar komið var aftur til að líta á grös var hann mjög bitinn.

Dagverðargerði C.

14. júlí 1975.

Flöt myri, 13 sm. vatn viðast hvar í lautum. Gróður ekkert leirborinn eftir flóðin, sæmilega sprottinn.

Mikið af renglum á vetrarkvíðastör (Carex chordorrhiza).

12. júlí 1976.

Grunnvatn í sverði. Svolitið bitinn.

Dagverðargerði D.

14. júlí 1975.

Mjög smáþýfð myri, nýkomin undan flóði, bó áhrifa þess gæti ekki mikið, h.e. enginn leirburður. Vel sprottin, lítt bitin.

29. júní 1976.

Engin breyting.

Dagverðargerði P.

13. ágúst 1975.

Reiturinn er á fljótsbakknum og er þurrari en landið innan við harn. Frekar flatur, en snarrótarpuntshnúskar (Deschampsia caespitosa) á milli. Reiturinn er bitinn af hrossum og álftum. Var lengi á kafi í flóðunum

12. júlí 1976.

Vel sprottinn, orðinn þurr, en nokkuð leirborinn. 17.8. voru grös greind.

Dagverðargerði 0.

13. ágúst 1975.

Flöt blaut myri, aðallega vaxin myrastör (Carex nigra).

Mjög vel sprottim. Var lengi á kafi í sumarflóðunum.

12. júlí 1976.

Þessi reitur var girtur 7. maí og notaður til uppskerumælinga.

Dagverðargerði X.

8. júlí 1975.

Þýfð myri. Þessi reitur stendur mjög ofarlega á eyrinni, rétt niður undan brekkunni. Flóðin náðu þó að honum, en vatnið stóð þar aðeins í nokkra daga og hefur að líkendum haft lítil áhrif. Sprettu sämileg.

30. júní 1976.

Sprettu sämileg. 17.8. voru grös greind.

Dagverðargerði Y.

8. júlí 1975.

Þýfð myri, í sömu hæðarlínu og reitur X. Flóðáhrif þau sömu og í reit X. Sprettu sämileg.

29. júní 1976.

Engin breyting.

RANGÁ I

Láglandissvæðið í landi Rangár I, er í beinu framhaldi af Dagverðargerðisnesinu og stendur álika hátt og efri hluti þess. Landi háttar því svipað þar. Næst fljótinu er landið ívið hærra en innar, þ.e. þýft mólendi. Innar er svo myrlendi með strjálum þúfum, og nær það upp að brekkufæti. Sums staðar eru þó hærri svæði í myrlendinu sjálfu og má þar nefna reit B.

Svæðið er afgirt og gengur á því nautpeningur og sauðfé. Alls voru 8 reitir settir niður. Þeir voru valdir áður en flóð hófust og fóru reitir A, D, E og F á kaf í þeim.

Sumarið 1976 voru aðstæður eins og árið áður og álika fjöldi búpenings á svæðinu. Reiturinn Rangá I C var girtur 8. maí og notaður til uppskerumælinga.

Alls fundust á svæðinu 86 tegundir háplantna, 65 tegundir mosa, 17 tegundir fléttina og 3 tegundir sveppa.

Rangá IA.

10. júlí 1975.

Stórbýft mólendi, þar sem snarrótarpuntur (Deschampsia caespitosa) er áberandi. Reiturinn er á fljótsbakkanum og stendur ívið hærra en landið fyrir innan. 30. júní var þessi reitur kominn á kaf í vatni. Tíu dögum seinna var hann greindur og þá orðinn þurr, en nokkuð leirugur.

5. júlí 1976.

Þurr, vel sprottinn, en nokkuð leirugur.

Rangá IB.

25. júní 1975.

Kargabýft þurrt mólendi. Reiturinn stendur á hrygg, þ.e. landið fyrir framan og innan hann er lægra. Þessi reitur hefur því aðra tegundasamsetningu en hinir reitirnir á svæðinu. Illa sprottinn. Sums staðar grisjar í mold.

5. júlí 1976.

Engin breyting.

Rangá IC.

25. júní 1975.

Smáþýfð myri, allrök. Mýrastör (Carex nigra) mest áberandi. Ekki sérlega vel sprottin. Fór ekki á kaf í flóðunum.

6. júlí 1976.

Þessi reitur var girtur 8. maí og notaður til uppskerumælinga.

Rangá ID.

15. júlí 1975.

Þýfir móar nálægt fljótsbakkanum. Standa ögn hærra, en landið fyrir innan. Eru venjulega á þurru en í flóðunum fóru þeir á kaf. Illa sprottnir.

1. júlí 1976.

Sæmilega sprottinn og lítið bitinn.

Rangá IE.

27. júní 1975.

Rök myri, þúfnakollar með blautum lautum á milli. Reiturinn er í lægð milli tveggja hærri og þurrari svæða. Lítið sprottinn. Þessi reitur fór á kaf eftir greiningu.

1. júlí 1976.

Lítill bleyta í lautum. Sprettu allgóð, talsvert bitinn.

Rangá IF.

27. júní 1975.

Flöt myðri, með smáþúfum hér og hvar, en blautar lénur á milli. Lítið bitin, illa sprottin. Þessi reitur fór á kaf eftir greiningu.

1. júlí 1976.

Engin breyting.

Rangá IX.

30. júní 1975.

Deig myðri, með fjalldrappa (Betula nana) í þúfnakollum, en bleýta sést í lautum. Sæmilega sprottið, ekki mikið bitið.

9. júlí 1976.

Vel sprottið, engin væta í sverði.

Rangá IY.

30. júní 1975.

Frekar flöt myðri, með þúfnakollum hér og hvar. Víða glittir á rauðleitan leir. Áberandi er álftakólfur (Menyanthes trifoliata), þá eru svarðmosablettir (Sphagnum teres) í þúfnakollum.

1. júlí 1976.

Sprettu góð og svæðið lítið bitið.

RANGÁ II OG SKÓGARGERÐI

Reitirnir standa beggja megin við ósa Rangár, þar sem hún fellur út í Lagarfljót. Reitirnir að norðanverðu, í landi Rangár II eru fjórir. Þeir standa allir stutt frá árbakkanum, því innar hækkar landið nokkuð og eru þar tún og nýræktir. Árbakkinn er þurr, flatur og harður. Fóru allir reitirnir, nema A, á kaf í flóðunum og komu mjög leirugir undan vatninu. Að sunnanverðu, í landi Skógargerðis, eru þrír reitir. Þar er sömu sögu að segja. Landið meðfram ánni er frekar þurrt við venjulegar aðstæður og hækkar fljótt er frá ánni kemur. Þessir reitir voru líka illa farnir eftir flóðin, með þykku leirlagi, sérstaklega reitur B.

Landið er afgirt báðum megin árinnar. Að norðanverðu er kum eitthvað beitt og nokkrar kindur sáust þarna allt sumarið, báðum megin árinnar.

Svo virðist sem leirburður úr Rangá hafi mikil áhrif á landið við bakka hennar, því mest bar á leirburði í reitunum, sem næst voru ánni, mun meira en þar sem áhrifa fljótsins gætti einungis, t.d. í sumum reitunum á Dagverðargerðisnesinu. Einnig mátti sjá hvar Rangáin brytur úr bökkunum beggja megin þegar mikið er í henni.

Vorið 1976 var landið sem reitirnir í Rangá II standa á girt. Girðingin liggar þvert yfir reitinn Rangá II A, þannig að helmingur hans er utan girðingar, en hinir reitirnir eru allir innan hennar og þar af leiðandi lausir við beit búpenings. Vegna minni flóða var lítill leirburður í reitum.

A svæðinu í heild fundust alls 69 tegundir háplantna, 19 tegundir mosa, 2 tegundir fléttina og 2 tegundir sveppa.

Rangá II A.

28. júní 1975.

Smáþýfður harðbali, rétt við kíl sem opnast út í Rangá. Lítið sprottinn, en þó nokkur sina. Þessi reitur fór aldrei á kaf í flóðunum.

9. júlí 1976.

Girt hefur verið gegnum miðjan reitinn, og þvert á suma af litlu reitunum. Spretta er góð, en gróður talsvert troðinn vegna vinnu við girðinguna.

Rangá II B.

12. ágúst 1975.

Tiltölulega sléttur harðbali á bökkum Rangár. Þessi reitur var horfinn undir vatn 28. júní og kom mjög illa útleikinn undan sumarflóðum. Lá þykkt leðjulag yfir öllum reitnum. Var hann því ekki tekinn til greiningar fyrr en 12. ágúst. Áberandi var kornsúra (Polygonum viviparum) og snarrótarpuntur (Deschampsia caespitosa).

9. júlí 1976.

Mun minni leir í reitnum en í fyrra.

Rangá II C.

12. ágúst 1975.

Tiltölulega sléttur harðbali á bökkum Rangár. Var álíka lengi undir vatni og reitur B. Mjög leirugur eftir sumarflóðin. Mun meira af mýrastör (Carex nigra) í þessum reit en reit B.

9. júlí 1976.

Mun minni leir í reitnum en í fyrra.

Rangá II D.

28. júní 1975.

Purr, flatur harðbali við ósa Rangár. Mest áberandi er snarrótarpuntur (Deschampsia caespitosa) og sina. Lítið sprottinn. Virðist standa nokkru hærra en reitir B og C, þar sem hann var ekki kominn á kaf 28. júní.

12. júlí 1976.

Engin breyting.

Skógargerði A.

12. júlí 1975.

Hnúskótt þurrlendi með snarrótarpunti (Deschampsia caespitosa) og sefi (Juncus spp.). Mikil sina. Reiturinn stendur á bakka Rangár.

13. júlí 1976.

Reiturinn bitinn og troðinn af sauðfé.

Skógargerði B.

12. ágúst 1975.

Burr bakki Rangár. Reiturinn kom mjög illa undan flóði, lá þykkt leðjulag yfir honum öllum. Mest áberandi tegund var kornsúra (Polygonum viviparum). Illa sprottinn.

12. júlí 1976.

Lítill merki um áhrif flóðs, plöntur ekki leirbornar.

Sprettu sämileg.

Skógargerði C.

16. júlí 1975.

Flatt og lágt nes, sem liggar út í Rangá, með snarrótarpuntshnúskum (Deschampsia caespitosa). Fór á kaf í flóðum og lá þó nokkur leir yfir reitnum. Illa sprottinn.

12. júlí 1976.

Reitur ekkert leirugur.

FINNSSTAÐANES.

Reitunum 12 var valinn staður meðfram bökkum Lagarfljóts og meðfram kíl einum stórum sem liggur frá brekkurótum, rétt norðan við bæina og opnast út í fljótið til norðvesturs. Einnig var einn reitur settur í þurr-lendan hólma í Eyvindará. Svæðin meðfram fljótinu einkennast aðallega af mýrastaramýrum (Carex nigra) með sefflákum (Juncus spp.) á milli. Nær kílnum og við brekkufótinn er hins vegar mun blautara, fúamýrar sem eru erfiðar yfirferðar. Tún eru bæði syðst á nesinu, nálægt bökkum Eyvindarár, og um það mitt. Þó nokkur beit er þarna allt sumarið. Bæði sauðfé og nautpeningur. Viðiteinungar (Salix spp.) finnast hér og hvar, en ná ekki að vaxa upp eins og í Egils-staðanesinu, sennilega vegna beitar.

Sumarið 1976 voru aðstæður eins og árið áður bæði hvað viðkemur landi og fjölda búpenings.

Reiturinn Finnsstaðanes E var girtur 6. maí og notaður til uppskerumælinga.

Á nesinu fundust alls 58 tegundir háplantna, 56 tegundir mosa og 2 tegundir fléttina.

Finnsstaðanes A.

15. júlí 1975.

Smáþýfð mýri, nýkomin undan vatni. Á svæðinu kringum og í reitnum skiptast á sef (Juncus spp.) og mýrastara-flákar (Carex nigra).

23. júlí 1976.

Engin breyting.

Finnsstaðanes B.

11. júlí 1975.

Reitur er smáþýfður, líklega nokkuð þurr undir venjulegum kringumstæðum. Nú nýkominn undan vatni, leirborinn. Sef (Juncus spp.) og mýrastör (Carex nigra) áberandi.

23. júlí 1976.

Góð spretta, ekki leirborinn.

Finnsstaðanes C.

10. júlí 1975.

Flöt, smáþýfð myri, að einhverju leyti undir vatni vegna sumarflóða. Mýrastör (Carex nigra) áberandi.

23. júlí 1976.

Bleyta sézt ekki í sverði.

Finnsstaðanes D.

29. júlí 1975.

Flatur og þurr reitur á fljótsbakkanum. Hrossanál (Juncus arcticus) er áberandi. Fór á kaf í sumarflóðunum.

23. júlí 1976.

Engin breyting.

Finnsstaðanes E.

30. júlí 1975.

Slétt mýrastaramýri (Carex nigra), sem þornar upp þegar lítið er í fljótinu.

26. júlí 1976.

Þessi reitur var girtur 6. maí, og notaður til uppskerumælinga.

Finnsstaðanes F.

30. júlí 1975.

Flatt, blautt myrlendi þar sem mýrastör (Carex nigra) og hrafnaklukka (Cardamine nymanii) eru mest áberandi.

26. júlí 1976.

Engin breyting.

Finnsstaðanes G.

30. júlí 1975.

Smáþýft myrlendi, þar sem mýrastör (Carex nigra) og engjarós (Potentilla palustris) eru mest áberandi. Auk þess var talsverð sina.

26. júlí 1976.

Vatn liggur í sverði milli þúfnakolla.

Finnsstaðanes H.

30. júlí 1975.

Þýfð myri, talsvert bitin, blautt milli þúfnakolla.

Mýrastör (Carex nigra) og klófífa (Eriophorum angustifolium) eru áberandi.

26. júlí 1976.

Engin breyting.

Finnsstaðanes I.

30. júlí 1975.

Talsvert blaut starmýri (Carex nigra x lyngbyei ?)

27. júlí 1976.

Engin breyting.

Finnsstaðanes J.

31. júlí 1975.

Talsvert blaut starmýri (Carex nigra x lyngbyei. ?).

Engin breyting.

27. júlí 1976.

Finnsstaðanes K.

Þýfð fúamýri. Álftakólfur (Menyanthes trifoliata) og engjarós (Potentilla paltusris) áberandi tegundir. Er bitin af nautpeningi.

27. júlí 1976.

Vatn í sverði milli þúfna. Talsvert bitinn.

Finnsstaðanes L.

9. júlí 1975.

Hólmi í Eyvindará. Smáþýft þurrlendi. Fór ekki á kaf í flóðunum.

22. júlí 1976.

Engin breyting.

EGILSSTAÐANES.

Stór hluti nessins er ræktað tún. Reitir eru 9, allir norðan þjóðvegar. Þar af eru 7 á norðurhluta nessins og 2 á suðurhluta þess. Á milli eru tún. Svo virðist sem nesið sé hærra út við jaðrana, en lækki þegar innar dregur. Hér er átt við norðurhluta nessins, þar sem reitir eru. Samkvæmt þessu er frekar þurrt og hart við bakkana. Bakkinn sem snýr að fljótinu er hins vegar vaxinn allt að metersháum viðirunnum (Salix spp.). Þegar innar kemur á nesið lækkar landið og við tekur votlendi með viðikjarri á milli. Þarna eru líka tjarnir, sem þorna mikið til upp þegar minnst er í fljótinu.

Nesið er allt afgirt. Á þetta svæði hefur ekki verið beitt sauðfé í mörg ár. Hins vegar hefur verið borið á og það slegið og/eða bitið af geldneyti á haustin. Þann 11. júlí 1975 töldust þarna 150 grágæsir (Anser anser). (Arnbjörn Garðarsson).

Reitirnir tveir, sem eru sunnan vert á nesinu, standa á þurrum bakka við kíl, sem rennur út í fljótið.

Sumarið 1976. Svæðið allt miklu þurrara en í fyrra, vegna minni og jafnari vorflóða. Reiturinn Egilsstaðanes E var girtur 7. maí, notaður til uppskerumælinga.

Á svæðinu fundust alls 62 tegundir háplantna, 34 tegundir mosa og 3 tegundir fléttina.

Egilsstaðanes A.

26. júlí 1975.

Víðivaxinn harðbali á fljótsbakkanum. Liggur heldur hærra en landið fyrir innan.

6. ágúst 1976.

Mosabekja lítil vegna þess að reiturinn er þakinn sandi, framburði fljótsins.

Egilsstaðanes B.

24. júlí 1975.

Mýri með u.p.b. 15-40 sm vantsdýpt (áhrif flóða).

Aðallega vaxin gulstör (Carex lyngbyei).

9. ágúst 1976.

Reiturinn alveg þurr (lágt í fljótinu). Gulstörin mikið vaxin.

Egilsstaðanes C1.

17. júlí 1975.

Egilsstaðanes C2.

Hnúskóttur snarrótarbali, við ósa Eyvindarár. Nýkominn undan flóði. Þessi reitur var greindur og merki síðan tekin upp og hann fluttur nær bakka Eyvindarár (Egilsstaðanes C<sub>2</sub>) þann 24. júlí. Ástæðan var sú að bera átti á þetta svæði og beita seinna um sumarið.

9. ágúst 1976.

Engin breyting. Aðeins greindur C<sub>2</sub>.

Egilsstaðanes D.

24. júlí 1975.

Víðivaxinn reitur á fljótsbakkanum. Stendur hærra en landið fyrir innan. Vel sprottinn.

24. júlí 1976.

Viða sandur í sverði eftir vorflóðin.

Egilsstaðanes E.

24. júlí 1975.

Mýrastaramýri (Carex nigra) 10-25 sm undir vatni, vegna flóða. Gróður er gisinn, en sæmilega sprottinn.

5. ágúst 1976.

Þessi reitur var girtur og notaður til uppskerumælinga.

Egilsstaðanes F.

24. júlí 1975.

Flatt þurrlendi, stendur nálægt tjörn. Gróður er talsvert leirugur vegna sumarflóða.

24. júlí 1976.

Engin breyting.

Egilsstaðanes G.

25. júlí 1975.

Tiltölulega flatt þurrlendi á bakka við kíl sem opnast út í fljótið. Rétt innan við reit er tún. Sef (Juncus spp.), reyrgresi (Hierochloë odorata) og snarrót (Deschampsia caespitosa) eru áberandi.

6. júlí 1976.

Engin breyting.

Egilsstaðanes H.

25. júlí 1975.

Smáhnúskótt þurrlendi. Á sömu slóðum og reitur G. Hér er þó meira um víðikjarr.

6. júlí 1976.

Engin breyting.

VALLANES.

Vallanesið stendur nokkru hærra en önnur láglendis-svæði, sem lýst hefur verið. Háir malarkambar eru sums staðar á fljótsbakknum, sem snýr að Lagarfljótinu einnig er þar sand- eða malarströnd, sem ekki er fyrir að fara á hinum svæðunum. Í flóðum síast vatnið gegnum þessa malarkamba og fyllast lægðir fyrir innan af vatni. Fyrir innan bakkana taka við mýrar og þar sem hærra er er graslendi. Margar litlar tjarnir eru orð á nesinu.

Grímsá rennur til norðurs og fellur í Lagarfljót austanvert á Vallanesi, þar er mikið um hólma og hálfgrónar áreyrar. Nokkuð af hrossum gengur á nesinu, einnig nautpeningur og sauðfé. Mikill fjöldi grágæsa (Anser anser) fellir þarna flugfjaðrir seinni part sumars. Samkvæmt talningu Arnþórs Garðarssonar voru þarna 1400 grágæsir 11. júlí.

Reitirnir 10 voru settir niður meðfram ströndinni sem snýr að fljótinu, þar sem lægst var, svo og við ósa Grímsár.

Athygli skal vakin á því að fyrsti reiturinn á Vallanesi hefur bókstafinn C.

Sumarið 1976 voru aðstæður eins og árið á undan og álika fjöldi búpenings.

Reiturinn Vallanes G var girtur 9. maí og notaður til uppskerumælinga.

Á nesinu fundust 74 tegundir háplantna, 43 tegundir mosu og 8 tegundir fléttina.

Vallanes C.

9. ágúst 1975.

Flatt og purrt svæði við bakka Grímsár. Hrossanál (Juncus arcticus) er mest áberandi. Svæðið er mikið troðið og bitið af grágæs (Anser anser).

7. ágúst 1976.

Reiturinn mikið bitinn af gæs. Gæsasaur áberandi í reit.

Vallanes D.

9. ágúst 1975.

Flatt en smáhnúskótt purrlendi, nokkuð bitið. Pursaskegg (Kobresia myosuroides) og hrossanál (Juncus arcticus) eru áberandi.

7. ágúst 1976.

Engin breyting.

Vallanes E.

7. ágúst 1975.

Þýfður mói, þar sem hrossanál (Juncus arcticus) er áberandi. Reiturinn er nokkuð bitinn.

6. ágúst 1976.

Engin breyting.

Vallanes F.

7. ágúst 1975.

Stórvýfður mói, talsvert bitinn. Snarrótarpuntur (Deschampsia caespitosa) er mest áberandi.

6. ágúst 1976.

Engin breyting.

Vallanes G.

8. ágúst 1975.

Flöt mýrastaramýri (Carex nigra), stutt frá fljóti, nokkuð blaut. Reiturinn er þó nokkuð troðinn af búpeningi og grágæsum (Anser anser).

6. ágúst 1976.

Reiturinn girtur 9. maí og notaður til uppskerumælinga.

Vallanes H.

8. ágúst 1975.

Býfðir vallendismóar niðri við fljótsbakkann. Milli fljóts og reits er hár malarkambur, en reiturinn sjálfur stendur lægra. Innan við hann er tún.

6. ágúst 1976.

Engin breyting.

Vallanes I.

9. ágúst 1975.

Hálfgróin áreyri við Grímsá. 20% af reitnum eru ógróin.

7. ágúst 1976.

Mikill sandur hefur borist í reitinn, auk þess er hann bitinn af gæsum (Anser anser).

Vallanes J.

11. ágúst 1975.

Reitur þýfður og þurr, stendur tiltölulega hátt á nesinu.

Snarrótarpuntur (Deschampsia caespitosa) mest áberandi.

9. ágúst 1976

Engin breyting.

Vallanes K.

11. ágúst 1975.

Slétt mýrastaramýri (Carex nigra). Rétt við reitinn er tjarnastaratjörn (Carex rostrata). Sæmilega sprottin.

9. ágúst 1976.

Engin breyting.

Vallanes L.

7. ágúst 1975.

Frekar þurr mýrastaramýri (Carex nigra). Vel sprottin, ekki mikið bitin.

9. ágúst 1976.

Engin breyting.

GILSÁREYRI.

Nes sem liggur út í Jökulsá. Er myndað af framburði Gilsár. Jarðvegur er því dæmigerður árframburður, gróf möl. Framarlega á nesinu þar sem reitir voru settir niður, gætir flóða nokkuð, sem sjá má af því að svörður var þakinn fínnum sandi en lítið um mosa. Svæðið er ógirt og er því umgangur sauðfjár þar allt sumarið. Einnig er þarna allmikið af grágæs (Anser anser) seinni part sumars.

Þrír reitir voru settir niður.

Alls fundust 25 tegundir háplantna og 6 tegundir mosa á svæðinu.

Ath. að reitir voru settir niður og greindir sumarið 1976.

Gilsáreyri A.

18. ágúst 1976.

Reitur stendur á bakka, allháum, við fljótið. Smáþýft þurrlendi. Áberandi eru hrossanál (Juncus arcticus) og hálíngresi (Agrostis tenuis)

Gilsáreyri B.

18. ágúst 1976.

Sendinn árbakki. Er á mörkum sefs (Juncus spp.)-og þursaskeggs (Kobresia myosuroides)-gróðurlendis.

Gilsáreyri C.

18. ágúst 1976

Sendinn árbakki millifljóts og túns. Hrossanál (Juncus arcticus) áberandi. Alls staðar sér í sand í sverði.

### KLAUSTURNES.

Láglent nes sem liggur fyrir neðan bæinn á Skriðuklaustri. Nesið er samfellt votlendi, sem hefur verið ræst fram. Efst á nesinu, þar sem landið liggur hæst eru ræktuð tún, einnig er tún niðri við fljótsbakkann. Stór hluti nessins liggur hins vegar það lágt að framræslan hefur ekki heppnast. Vatn stendur stöðugt í skurðum og hækkar og lækkar í þeim eftir vatnsstöðu Jökulsár.

Mikið af tjarnargrøðri t.d. nykru (Potamogeton spp.) og lófæti (Hippuris vulgaris) vex í þessum skurðum, sem er óvenjuleg sjón, en stafar einmitt af þessu tiltölulega stöðuga, háa vatnsborði. Hluta mýranna hefur einnig verið bylt með plógi. Árbakkinn sjálfur er frekar brattur og brýtur fljótið úr honum sums staðar. Svæðið er afgirt, og var ekkert af búpeningi á því um það leyti sem reitir voru greindir (þ.e. síðari hluta ágústmánaðar). Sex reitir voru settir á nesið.

Sumarið 1976 var ástand líkt og sumarið áður, hvað varðar reiti og engin beit á svæðinu.

Reiturinn Klausturnes B var girtur 8. maí og notaður til uppskerumælinga.

Alls fundust á nesinu 50 tegundir háplantna, 37 tegundir mosa, 6 tegundir fléttna og 4 tegundir sveppa.

#### Klausturnes A.

25. ágúst 1975.

Þurr smáþýfður fljótsbakkinn. Reiturinn er u.p.b. 30 metra frá fljótinu og 10 metra frá túni. Mest áberandi eru þursaskegg (Kobresia myosuroides) og língresi (Agrostis spp.)

3. ágúst 1976.

Engin breyting.

Klausturnes B.

25. ágúst 1975.

Smáþýfð myri í þurkun. Er u.p.b. 5 metra frá skurði.

Vel sprottin. Mýrastör (Carex nigra) áberandi.

3. ágúst 1976.

Þessi reitur var girtur 8. maí og notaður til uppskerumælinga.

Klausturnes C.

15. ágúst 1975.

Þýft land, stendur á bakka framræsluskurðar. Mýrelfting (Equisetum palustre) mest áberandi. Vel sprottið, lítið bitið.

10. ágúst 1976.

Engin breyting.

Klausturnes D.

25. ágúst 1975.

Frekar þurr árbakki. Reiturinn er u.p.b. 40 metra frá fljótinu. Snarrótarpuntur (Deschampsia caespitosa) og hrossanál (Juncus arcticus) mest áberandi.

10. ágúst 1976.

Engin breyting.

Klausturnes E.

25. ágúst 1975.

Mýri sem hefur verið ræst. Reitur er í u.p.b. 20 metra fjarlægð frá skurði. Mýrelfting (Equisetum palustre) og túnvingull (Festuca rubra) mest áberandi. Vel sprottin, lítt bitin.

10. ágúst 1976.

Engin breyting.

Klausturnes F.

25. ágúst 1975.

Framræst myri sem hefur verið plógdregin. Mýrastör (Carex nigra) er mest áberandi.

22. júlí 1976.

Engin breyting.

MELAR.

Svæði í landi Mela, sem liggur norðan Bessastaðaár. Svæðið er allt votlendi sem hefur verið ræst fram og eru á því nýræktir. Reitirnir sem eru 5 talsins eru allir á öræktuðum svæðum, en þó nálægt túnum. Engin beit er á svæðinu, a.m.k. um hásumarið.

Sumarið 1976 var sama ástand á svæðinu.

Alls fundust á svæðinu 56 tegundir háplantna, 30 tegundir mosa, 8 tegundir fléttna og 3 tegundir sveppa.

Melar A.

26. ágúst 1975.

Þurr og flatur reitur, sem er í u.p.b. 20 metra fjarlægð frá ræktuðu túni og 100 metra frá fljótinu. Hrossanál (Juncus arcticus) er áberandi. Ekkert bitinn.

10. ágúst 1976

Engin breyting.

Melar B.

26. ágúst 1975.

Reiturinn er u.p.b. 40 metra frá skurði nokkuð þurr og smáhnúskóttur. Mýrastör (Carex nigra) mest áberandi.

10. ágúst 1976.

Engin breyting.

Melar C.

26. ágúst 1975.

Mýri í þurkun. Reiturinn er í horni framræstrar mýrar, þ.e. 20 metrar frá skurðum á tvær hliðar. Ekkert bitinn. Mýrastör (Carex nigra) mest áberandi.

10. ágúst 1976.

Engin breyting.

Melar D.

26. ágúst 1975.

Smáþýfð lægð u.p.b. 50 metra frá fljótinu. Mýrastör (Carex nigra) mest áberandi, ásamt hrossanál (Juncus arcticus).

16. ágúst 1976.

Engin breyting.

Melar E.

26. ágúst 1975.

Smáþýft deiglendi, þar sem hrossanál (Juncus arcticus)  
og vallhæra (Luzula multiflora) eru áberandi.

16. ágúst 1976.

Engin breyting.

#### 4. NIÐURSTÖÐUR ÚR LOKATÖFLUM

Við uppsetningu lokatafla hefur verið leitast við að fá fram á sem skýrastan hátt mun milli rannsóknareita á hverju svæði. Það hefur verið gert á þann veg að reitunum er raðað á láréttu ás töflunnar eftir rakastuðli, með hliðsjón af þeim plöntutegundum sem í þeim vaxa. Reitirnir lengst til vinstri í hverri töflu eru þeir blautustu á svæðinu, en verða þurrari eftir því sem lengra dregur til hægri í töflunni. Á lóðréttu ásinn koma fyrst almennar upplýsingar, um hæð reita yfir sjó og heildarbekju (%) í hverjum reit. Þá kemur heildartíðni og þekja fyrir mosa, fléttur og sveppi. Þess ber að geta að upplýsingar um sveppi eru ekki tæmandi, því hattmyndun þeirra er yfirleitt seinnipart sumars og fundust þeir þar af leiðandi í mestu magni á þeim svæðum sem seinast voru tekin til greiningar. Síðan eru settar þær tegundir háplantna sem algengar eru í allflestum rannsóknarreitum. Þar á eftir er háplöntutegundum raðað niður eftir því hversu rakakærar þær eru, þær sem eru á blautustu svæðunum koma fyrst, en þær sem eingöngu eru á þurrustu svæðunum reka lestina. Á milli eru svo tegundir með víðara rakabol. Neðst í hverja töflu eru mosarnir settir, en á þann hátt kemur þeirra þáttur skýrar fram en verða mundi ef þeim væri blandað saman við háplönturnar.

Til að komast hjá því að töflurnar yrðu of langar, var tekið á það ráð að taka ekki allar háplöntutegundir sem fundust á svæðinu með. Þær sem koma sjaldan eða óreglulega fyrir, eru skráðar í lista aftan við hverja töflu. Einnig eru aðeins dæmigerðustu mosarnir teknir með, þ.e. þeir sem gera þrengri kröfur um rakastig eða eru mjög algengir.

Þá er algjörlega sleppt að telja upp tegundir fléttina og sveppa í lokatöflum, aðeins skráð heildartíðni þeirra og þekja. Slik upptalning hefur engin áhrif á röð reitanna í töflunni en myndi hinsvegar lengja hana mikið.

Skyringar á táknum í töflum sjá bls. 43. Lokatöflur og kort bls. 44-69.

#### 4.1. Dagverðargerði - Rangá - Skógargerði - LOKATAFLA I.

Munur á hæð hæsta og lægsta rannsóknareits yfir sjó er um það bil 1,90 m. Lægstur er reiturinn Skógargerði C., 21,1 m.y.s. en hæstur er Rangá I B, 23,0 m.y.s.

Ekki er alls staðar bein fylgni sjáanleg milli hæðar reita yfir sjó og rakastigs þeirra, nema Rangá I B, sem er áberandi þurrastur. Fljótsbakkinn stendur ívið hærra en landið fyrir innan, einnig eru á svæðinu sumsstaðar þúfnaraðir sem eru hærri en myrlendið í kring. Þessar mishæðir, þó litlar séu, valda því líklega að vatn stendur mislengi á hinum ýmsu svæðum, og hefur þannig bein áhrif á gróðurfar svæðisins. Vatn getur þannig legið lengur á stað sem er hærra yfir sjó, ef fyrirstaðan er fyrir hendi.

Heildarþekja plantna í öllum reitum er 100%, nema í Rangá IIC (90%) og Skóg. B (75%). Þessir reitir standa á bökkum Rangár og verða fyrir miklum leirburði, svo sem síðar verður vikið að.

Tíðni mosa er allsstaðar 5 og þekjan er einnig 5 í 17 af 23 reitum. Minnst er hún 2, í Rangá IA, sem í er mikið af snarrótarpunti (Deschampsia caespitosa)

Fléttur hafa allsstaðar lága tíðni þar sem þær finnast og sama og enga þekju (+). Þær var aðallega að finna efst í þúfnakollum.

Þegar litið er á töfluna í heild má sjá, að efst til vinstri og neðst til hægri er ákveðin samsöfnun plantna sem einkenna votlend og þurrlend svæði. Flestir reitirnir eru þar á milli og sýna mun, stig af stigi, frá votlendustu svæðunum til hinna þurrustu.

Mörkin milli gróðurfélaga innan svæðisins eru því ekki glögg, heldur er um stöðuga breytingu á tegunda samsetningu að ræða, sem fer eftir raka og nálægð annara gróðurfélaga.

Skýringin á þessu er m.a. sú að stór hluti landsins sem athugaður var, liggar í þeirri hæð sem fljótið flæðir yfir í vatnavöxtum. Því má ætla að á ákveðnum tíma árs, séu þarna skilyrði fyrir plöntur, með mismundndi rakabol.

Mismiklar sveiflur í vatnshæð milli ára valda því, að á tímum þegar flóð eru lítil ná tegundir frá þurrari svæðum að festa rætur, og svo sækja rakabolnari tegundir inn á þurrari svæði þau ár sem flóð eru meiri.

Mýrastör (Carex nigra) er algengasta tegundin á svæðinu, bæði hvað tiðni og þekju varðar. 19 reitir af 23 hafa tiðnina 5. Þekjan er hins vegar mismikil. Mest er hún á blautasta svæðinu en fer snöggt minnkandi um miðja töflu. Mýrastörin er gott dæmi um plöntu sem hefur vítt rakabol, þó hennar kjörlendi séu meðalblautar mýrar. Nokkrar fleiri tegundir hafa einnig álfka viða útbreiðslu á svæðinu, en þekja þeirra er minni, þó tiðnin sé oft há.

Gróður í fyrstu tveim reitum töflunnar, Dag. C og Q, má telja til flóagróðurs. Næsti reitur, Rangá I Y, nálgast það líka þó hann hafi aðra staðsetningu. Hann stendur ofarlega á nesinu, undir brekkufæti, sem vatn sígur líklega úr og heldur honum blautum, þó fljótið hafi einnig sín áhrif á hann. Það sem einkennir þessa reiti einkum er tegundafæð. Þarna er aðeins að finna rakakærar tegundir. Mosarnir Scorpidium scorpioides og Sphagnum contortum, sem eru dæmi um tegundir sem vaxa í mikilli bleytu, eru þarna til staðar. Einnig má nefna tjarnarstör (Carex rostrata) sem er áberandi þó þekja sé lítil, vetrarkvíðastör (C. chordorrhiza), gulstör (C. lyngbyei), fergin (Equisetum fluviatile) o.fl. Einnig er rétt að vekja athygli á því að grös vantar, sem segir nokkuð til um bleytuna sem í reitunum er. Þá er athyglisvert að hér er gulstörin með litla tiðni og þekju, ólikt því sem annars staðar gerist á landinu við svipuð skilyrði. Erfitt er þó að segja til um, hvers vegna svo er.

Reitirnir Rangá I F til Dag. Y hafa ýmis sameiginleg einkenni og tala ég hér því um þá sem eina heild. Fyrst má til telja að á þessu bili er mýrastörin í essinu sínu hvað þekju varðar. Má segja að þessir reitir standi á blautri til meðalblautri mýrastaramýri.

Þær tegundir, sem áður einkenndu flóann, finnast enn, en þó kveður minna að þeim hvað tíðni og þekju varðar, og er það gott dæmi um þann stigmun sem á svæðinu er. Hálmgresi (Calamagrostis neglecta), klófífa (Erihorum angustifolium) og myrelfting (Equisetum palustre) o.fl. hafa allar háa tíðni en litla þekju á þessu svæði, og reyndar einnig á flóasvæðinu, en eftir það fer veldi þeirra ört minnkandi.

Áberandi nýjar tegundir sem koma inn eru grösin títlíngresi (Agrostis canina), hálíngresi (A. tenuis), vinglar (Festuca spp.) og víðitegundir (Salix spp.). Þessar tegundir og ýmsar fleiri þrífast ekki í blautstu reitunum, en halda hinsvegar áfram út töfluna yfir í þurrasta reitinn. Ýmsir rakakærir mosar finnast einnig á þessu bili, t.d. Calliergon giganteum og Drepanocladus revolvens en hætta að finnast eftir Dag. Ý í töflunni.

Frá og með Dag. P verða nokkrar áberandi breytingar. Áður hefur komið fram að þá fækkar eða hverfa alveg tegundir sem áberandi voru á blautu landi. Í staðinn koma tegundir sem eru algengar á hálf-þurru til þurru landi, sjá neðst í töflunni. Þá eykst einnig tíðni og/eða þekja ýmissa tegunda sem áður höfðu fundist. Má í þessu sambandi benda á snarrótarpunt (Deschampsia caespitosa) sem nú keppir mjög við myrástörina um tíðni og þekju, hálíngresi (Agrostis tenuis), vallelftingu (Equisetum pratense), reyrgresi (Hierochloë odorata) og sef (Juncus spp.). Á þessu bili hafa ýmsir dæmigerðir graslendismosar mikla tíðni, t.d. Rhytidadelphus squarrosus og Drepanocladus uncinatus.

Svæðin sem þessir reitir standa á hafa það sameiginlegt að vera frekar þurrir - eða hálfblautir árbakkar, þar sem ýmsar grastegundir eru mest áberandi, en myraplöntum fer fækkandi.

Reitirnir Rangá II C, Skóg. A og B, hafa nokkra sérstöðu. Þeir standa allir á bökkum Rangár og geta orðið fyrir miklum leirburði vorleysingum. Af þessu leiðir að oft sest þykkt leirlag ofan á svörðinn, eða allt að 1 cm vorið 1975. Þetta verður til þess að gróður verður gisinn og tíðni og þekja önnur en í hinum reitum svæðisins.

Líklegt er að vatnsstaða Rangár hafi eins mikil, ef ekki meiri, áhrif á vatnsstöðuna í þessum reitum en fljótið sjálft. Áberandi er hve kornsúran (Polygonum viviparum) stendur sig vel, (5.2, 5.3, 5.2), enda hefur hún meiri forða-næringu í rótum en aðrar plöntur á svæðinu og því meiri möguleika á að vaxa fljótt upp úr hinu harða leirlagi en aðrar tegundir. Tegundir sem einnig hafa háatíðni í þessum reitum eru ýmis grös og hæra (Luzula spp.), en þekja þeirra er hins vegar lág, 1 eða +.

Tveir síðustu reitirnir, Rangá ID og IB, eru einstakir um margt, og þá sérstaklega Rangá IB. Þetta eru stórbýfðir móar. Í þeim finnast margar tegundir sem einkennandi eru fyrir mjög þurr svæði (mólendi) og finnast ekki í öðrum reitum nema þá í mjög litlu magni, t.d. lambagras (Silene acaulis), sortulyng (Arctostaphylos uva-ursi) og holtasóley (Dryas oxtopetala). Þá má einnig nefna þurrlendismosann Dicranum scoparium.

Um svæðið í heild má segja, að við fljótsbakkann og bakka Rangár eru frekar þurr svæði. Þegar borin er saman staðsetning reita á korti 2 og 3, og í lokatöflu I, kemur þetta greinilega fram. Þessi þurrari svæði eru oft vaxin snarrót og öðrum grösnum. Innar blotnar landið, en þar er þó um að ræða misblautt land, allt frá blautum flóa, yst á Dagverðargerðisnesinu, og upp í hálfra ka myri, þar sem myrástörin er mest áberandi. Þar sem landi háttar svo að hryggir standa upp úr myrinni er landið þurrast og nálgast mólendi.

#### 4.2. Finnsstaðanes - Egilsstaðanes. LOKATAFLA II.

Munur á stöðu hæsta og lægsta reits er aðeins 1,30 m. Sá hæsti Finn. L er í 21,9 m.y.s. en sá lægsti Finn. D er í 20,6 m.y.s. Flestir reitirnir standa í kringum 21 m.y.s. og er hér ekki auðvelt að sjá beina fylgni milli hæðar reits og gróðurs og vatnsstöðu hans, enda munur á hæð lítill og hafa því smáhæðir og rastir innan svæðisins þó nokkur áhrif á stöðu vatnsins á landinu og þá um leið á gróðurfar svæðisins.

Heildarbekja plantna er allsstaðar 100% nema í Egils. E (80%) sem er blautur mýrastalarreitur. Mosar hafa tíðnina 5 í 19 reitum af 21 og þekjuna 5 í 14 af 21 reit. Þekja mosanna er minnst í Egils. B og E sem eru blautir, og svo í þurrari reitum, þar sem meira er um grös.

Fléttur finnast í mjög fáum reitum, en hafa þó nokkra tíðni í Egils. G og H (4) og í Finn. L (3).

Þegar litið er á töfluna í heild má sjá ákveðna samsöfnun votlendisplantna efst til vinstri, en þurrlandisplantna neðst til hægri. Þessar tegundir finnast þó einnig í mörgum öðrum reitum, þó minna kveði þar að þeim. Ekki verður því um villst að rakinn breytist stig af stigi, og verða því ekki skörp skil milli gróðurfélaga. Hér er þó reynt að skipta svæðinu í 3 aðalhluta.

Í fyrsta hlutanum, sem er blautastur, eru reitirnir frá Finn. J til og með Egils. B, alls 5 reitir. Þá koma mýrastalarreitir frá Egils. B til og með Finn. D, alls 8 reitir. Að lokum koma þeir þurrustu, frá Egils. A til og með Finn. L, alls 8 reitir.

Mýrastörin (Carex nigra) er hér sú planta sem hefur mestu tíðni og þekju. Í 18 reitum af 21 er tíðnin 5. Þá hafa 6 reitir þekjuna 5 og 4 reitir þekjuna 4. Þekjumestu reitirnir hvað mýrastör varðar eru allir á vinstri helmingitöflunnar, á svæðinu Egils. E til Finn. D. Aðrar tegundir sem eru algengar á mest öllu svæðinu hafa oft háa tíðni, en þekjan er yfirleitt mjög lág.

Reitirnir í fyrsta hluta töflunnar, Finn. J til Egils. B, mega allir teljast mjög blautir og nálgast það að vera með flóagróðri. Finn. J er blautastur. Það má sjá m.a. á því að í honum eru aðeins 14 tegundir háplantna og í hann vantar öll grös nema hálmgresi (Calamagrostis neglecta). Gulstörin (Carex lyngbyei) er þarna mjög áberandi og nær hvergi á athugunarstöðum á Lagarfljótssvæðinu jafn hárrí þekju og hér.

